

ástæða þykir til að birta almenningi. Skýrsluna og yfirlitið skal bera undir ráðið í heild. Yfirlitið skal birta í Heilbrigðisskýrslum.

192  
24. nóv.

*Í heilbrigðismálaráðuneytinu, 24. nóvember 1942.*

**Jakob Möller.**

*Gústav A. Jónasson.*

## AUGLÝSING

um breyting á gjaldskrá fyrir rafveitu Akureyrar nr. 189 29. nóvember 1940.

193  
28. nóv.

1. gr.

Á eftir II. kafla gjaldskrárinnar komi nýr kafli, svo hljóðandi viðauki:

### IV. Bráðabirgðaákvæði.

Gjöld samkvæmt D-lið gjaldskrárinnar, með undirliðum a—f, breytist með kolaverði í bænum á hverjum tíma, þannig að gjaldskrárverðið teljist jafngildi 30 króna verði á kolatonni og hækki og lækki í sama hlutfalli og útsöluverð kola hér á staðnum á hverjum tíma. Þó skal verð á kw-stund, samkvæmt þessum lið, ávallt standa á hálfum eyri eða heilum. Jafnframt falli þá niður hækkun sú, er gerð var s. l. vor á gjaldskrárlið D-I-c, úr 2,5 í 4 aura.

Raforkuverð og önnur gjöld, samkvæmt öðrum liðum gjaldskrárinnar en D 1, hækki um 1% fyrir hver 4 stig, er verðvisitalan er umfram eitt hundrað.

2. gr.

Breyting þessi öðlast gildi 1. desember 1942.

Gjaldskrárbreyting þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. nóvember 1942.*

F. h. r.

**Vigfús Einarsson.**

*Páll Pálmason.*

## REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 122 29. desember 1931, um einkasölu á tóbaki.

194  
28. nóv.

1. gr.

9. gr. reglugerðar nr. 122 29. desember 1931, um einkasölu á tóbaki, orðist svo: Hámarksálagning á tóbaki í smásölu, miðuð við verð einkasölnunnar að viðbættum flutningskostnaði til útsöluþadarsins, skal vera:

20% á skornu og óskornu neftóbaki.

25% á öðrum tóbaksvörum.

Fyrir flutningskostnaði utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar má eigi reikna hærri viðbótarálagningu en 5%.

194

2. gr.

28. nóv.

Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt lögum nr. 58 8. sept. 1931, um einkasölu á tóbaki.

Reglugerð frá 10. sept. 1942 um breyting á reglugerð nr. 122 29. des. 1931, um einkasölu á tóbaki, er úr gildi numin.

*Fjármálaráðuneytið, 28. nóvember 1942.*

**Jakob Möller.**

*Magnús Gíslason.*

195

## REGLUGERÐ

28. nóv.

**um breyting á reglugerð nr. 140 31. des. 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.**

1. gr.

9. gr. reglugerðar nr. 140 31. des. 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír, orðist svo:

Hámarksálagning á eldspýtur og vindlingapappír í smásölu, miðuð við verð einkasölnunnar á hverjum tíma, má eigi vera hærri en 25%.

Fyrir flutningskostnað til útsölastaðar utan Reykjavíkur og Hafnarfjarðar má eigi reikna hærri viðbótarálagningu en 10 af hundraði.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem öðlast þegar gildi, er sett samkvæmt lögum nr. 65 10. des. 1934, um einkasölu á eldspýtum og vindlingapappír.

*Fjármálaráðuneytið, 28. nóvember 1942.*

**Jakob Möller.**

*Magnús Gíslason.*

196

## AUGLÝSING

2. des.

**um breytingu á auglýsingu landlæknis 20. maí 1935, um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum.**

Með tilvísun til tilskipunar nr. 85 7. september 1942, um breyting á tilskipun nr. 81 26. apríl 1935, um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum, auglýsist hér með eftirfarandi breyting á auglýsingu landlæknis 20. maí 1935, um lyf og læknisáhöld í íslenskum skipum (sbr. Lögbirtingablað 27. tbl. 1935):

Aftan við bókstafslíð A, f-tölulíðs I bætist:

g. **Tablettæ sulfanilamidi** skal gera þannig:

1) Sulfanilamidum pulv. ....	gram. 30,00
Amyl. Solani .....	— 11,10
2) Gelatina alba .....	— 0,60
Aq. dest. (ca. grm. 10) .....	— q.s.
3) Agar-Agar plv. ....	— 0,30